



Styrkir til að efla rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála



Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar auglýsir styrki til umsóknar

Landsvirkjun er orkufyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum. Fyrirtækið stefnir að því að verða öflugt á alþjóðavettvangi og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi landsins og í forystu fyrir byggingu orkuvera sem hafa verið meðal stærstu framkvæmda á landinu.

Landsvirkjun styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála og rekur umfangsmikla fjármálastarfsemi á alþjóðamarkaði.

Hjá Landsvirkjun starfa rúmlega 200 manns með fjölbreytta menntun. Landsvirkjun vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Markmið sjóðsins er að veita styrki til námsmanna, rannsóknarverkefna á vegum háskóla, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Styrkveitingar sjóðsins miða að því að gera fjárframlög Landsvirkjunar til rannsókna skilvirkari og sýnilegri, og tryggja að þær rannsóknir sem sjóðurinn styrkir samrýmist umhverfisstefnu Landsvirkjunar.

Styrkveitingar sjóðsins falla í þrjá flokka: Almennar virkjunarrannsóknir, rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála og styrki til nemenda í meistara- eða doktorsnámi.

Að þessu sinni er auglýst eftir umsóknum í eftirfarandi flokkum:

Rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála

Almenn rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkumála. Styrkir eru veittir til hluta þess kostnaðar sem hlýst af vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema, og öðrum útgjöldum.

Styrkir til nemenda í meistara- eða doktorsnámi

Styrkir til efnilegra nemenda sem áforma eða stunda meistara- eða doktorsnám á sviði umhverfis- eða orkumála.

Í þessari úthlutun eru í heild allt að **50 m.kr. til ráðstöfunar**, allt að 40 m.kr. til rannsóknarverkefna á sviði umhverfis- og orkumála, og allt að 10 m.kr. til styrkja fyrir 10–20 nemendur í meistara- og doktorsnámi.

Umsækjendur þurfa að leggja fram lýsingu á rannsóknarverkefni sínu, og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist markmiðum sjóðsins. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um þau gögn sem fylgja eiga umsókn er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, www.lv.is.



Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað rafrænt á netfang sjóðsins; **orkurannsóknasjodur@lv.is** eða í pósti til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, merktum „**Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar 2007**“.

Fyrirspurnir má senda á netfangið **orkurannsóknasjodur@lv.is**.

Umsóknarfrestur er til 21. desember 2007.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.



Landsvirkjun